



Sveinafélag járníðnaðarmanna

Box 127 - 902 Vestmannaeyjum - Sími 12501

Vestmannaeyjum 12. apríl 1996.

Nefndardeild Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 Reykjavík.

Alþingi

Erindi nr. Þ 120/1508

komuáttur 17.4 1996

Efni: frumvarp tillaga um breytingu á lögum nr. 80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur, með síðari breytingum.

Óskað hefur verið umsagnar Sveinafélags Járníðnaðarmanna um ofangreint frumvarp um breytingar á vinnulöggjöfinni.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins hefur farið yfir frumvarp til breytingar á lögum nr.80/1938, um stéttarfélag og vinnudeilur. Sameiginleg niðurstaða er sem hér segir: Við skoðun á frumvarpi því sem fyrir liggur vill stjórn og trúnaðarráð ekki taka einstakar greinar frumvarpsins fyrir sérstaklega umsagnar, heldur gefa eina umsögn um frumvarpið, eins og það liggur fyrir fundinum. Stjórn og trúnaðarráð sameinast um eftirfarandi umsögn. Þegar frumvarp þetta hefur verið samið hafa höfundar þess ekki gert sér grein fyrir hvaða óskapnað þeir voru að skapa og af vanþekkingu í garð Verkalýðshreyfingarinnar borið vanskapning þennan á borð fyrir hið háa Alþingi Íslendinga og óskað eftir lagasetningu. Höfundar þessa frumvarps ættlast til þess að þingmenn Alþingis stuðli að því að Ísland verði gert að enn einu Bananalýðveldinu, það gengur ekki.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins vill beina því til nefndarmanna að taka mark á viðvörðun orðum Verkalýðshreyfingarinnar.

Með ályktun þessari sem hér fer á eftir, vill Sveinafélag járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum leggja sitt af mörkum til þess að nefndarmenn geti komist að niðurstöðu sem þarf til að frumvarpinu verði vísað út af borðinu.

Sveinafélag Járníðnaðarmanna í Vestmannaeyjum fordæmir með öllu boðuðum breytingum á vinnulöggjöfinni sem felast í frumvarpi félagsmálaráðherra, þar sem megin tilgangurinn er að rýra sjálfstæði stéttarfélaganna og ákvörðunarrétt félagsmanna þeirra.

Stjórn og trúnaðarráð félagsins varar við öllum tilburðum stjórnvalda í þá átt að skerða rétt launafólks og samtaka þess, og krefst þess að frumvarpið um breytingar á lögum um stéttarfélag og vinnudeilur verði dregið til baka.

Með fyrirfram þökk og óskir um gæfu og gengi í baráttunni.
Stjórn og trúnaðarráð Sveinafélags Járníðnaðarmanna V.M.

Stjórn:

Þórir Þórir formaður.

Þorbjörg Níman varaformaður.

Abalsteinn Jóhannsson ritari.

Þýrnuv Geir Richard gjaldkeri.

Valdur Óskelbeins meðstjórnandi.

Trúnaðarráð:

Guðmundur Jóhannsson

Hjálmur Jóhannsson
Samundur Ingvarsson

Afrit af bréfi þessu er sent miðstjórn A.S.Í..